

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 13/2007**

**frá 27. apríl 2007**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2006 frá 22. september 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/45/EB frá 16. maí 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE að því er varðar forskrift virka efnisins própoxýkarbason <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/41/EB frá 7. júlí 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klóþíaníðíni og petoxamíði <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/64/EB frá 18. júlí 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum klópýralíði, sýpródíníli, fosetýli og trínexapaki <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB frá 21. ágúst 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum díklórprópi-P, metkónasóli, pírimetaníli og tríklópýri <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/75/EB frá 11. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu dímoxýstróbíni <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/76/EB frá 22. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE að því er varðar forskrift virka efnisins klórþalóníls <sup>(7)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 40, og EES-viðbætur nr. 60, 30.11.2006, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 130, 18.5.2006, bls. 27.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 187, 8.7.2006, bls. 24.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 107.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 235, 30.8.2006, bls. 17.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 248, 12.9.2006, bls. 3.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 263, 23.9.2006, bls. 9.

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32006 L 0045**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/45/EB frá 16. maí 2006 (Stjtið. ESB L 130, 18.5.2006, bls. 27),
- **32006 L 0041**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/41/EB frá 7. júlí 2006 (Stjtið. ESB L 187, 8.7.2006, bls. 24),
- **32006 L 0064**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/64/EB frá 18. júlí 2006 (Stjtið. ESB L 206, 27.7.2006, bls. 107),
- **32006 L 0074**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/74/EB frá 21. ágúst 2006 (Stjtið. ESB L 235, 30.8.2006, bls. 17),
- **32006 L 0075**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/75/EB frá 11. september 2006 (Stjtið. ESB L 248, 12.9.2006, bls. 3),
- **32006 L 0076**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/76/EB frá 22. september 2006 (Stjtið. ESB L 263, 23.9.2006, bls. 9).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/45/EB, 2006/41/EB, 2006/64/EB, 2006/74/EB, 2006/75/EB og 2006/76/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. apríl 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*A. Seatter*

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.